

Ed.

553. Nefndarálit

[110. mál]

um frv. til l. um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagnar raforkumálastjóra um það. Er svar hans birt hér með sem fylgiskjal.

Nefndinni er ljóst, að rafmagnsmál Vestfjarða verða ekki leyst til hlitar nema með ákveðinni stórvirkjun, og kemur þá m. a. til greina virkjun í Dynjandisá. Með þeim fyrirvara, sem gerður er í frv., þykir rétt að heimila þá virkjun eins og aðrar virkjanir, sem heimilaðar hafa verið á undanförnum árunum. Hins vegar hefur þótt rétt að fella niður úr frv. þau ákvæði, sem fara í bága við hin almennu ákvæði um ný orkuver. Einnig þykir rétt að miða fjárupphæðir frv. í samræmi við áætlaðan kostnað, miðað við núverandi verðlag.

Með tilvísun til þessa leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „í 7000 hestafla“ komi: í allt að 7000 hestafla.
 - b. Orðin „samkv. áætlunum dags. 2. marz 1946“ falli niður.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „30 millj.“ í fyrri másl. komi: 60 millj.
 - b. Í stað orðanna „10 millj.“ í síðari másl. komi: 20 millj.
3. Við 5. gr. Greinin falli niður.
4. Við bráðabirgðaákvæði. Greinin falli niður.

Alþingi, 23. jan. 1951.

Gísli Jónsson, Rannveig Þorsteinsdóttir, Steingr. Aðalsteinsson.
form., frsm. fundaskrifari.

Páll Zóphóníasson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 6. desember 1950.

Iðnaðarnefnd efri deildar, Alþingi.

Varðandi frv. til laga um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins, þingskjal 201 (Dyjandi).

Með bréfi, dags. 27. f. m., sendi hin háttvirta nefnd mér til umsagnar frv. til laga um nýtt orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitna ríkisins á þingskjali 201. Ég hef nú athugað frumvarpið, og vil ég taka fram því viðvikjandi það, sem hér fer á eftir:

1. Síðan árið 1946 hafa að staðaldri verið framkvæmdar vatnshæðarmælingar og annað slagið vatnsrennslismælingar, sbr. skýrslu Sigurjóns Rist. Mælingar þessar sýna, að rennsli Dyjandisár fer mjög oft á vetrum niður í og væntanlega nokkuð niður úr 1000 l/sek. Áður var reiknað með 1400 l/sek. Ef við það er miðað, er því afl virkjunarinnar aðeins 5000 í stað 7000, sem áður var reiknað með.

2. Truflanir verða á flestum vetrum af snjó og ís, þegar snjóa er að leggja yfir. Getur þá horfið allt vatn úr ánni niðri á jafnsléttu, en sú þurrð stendur stundum einn til tvo daga. Er óvíst, hvort unnt er að koma í veg fyrir slíkar truflanir, en er þó ekki fullathugað.

3. Háspennulínur frá virkjuninni verður að leggja um fimm eða fleiri erfiða fjallvegi, þar sem þeim er hætt við slitum. Sæstrengir verða á fjórum stöðum. Veitan hlýtur því að verða dýr, bæði að stofnkostnaði og í rekstri.

4. Stofnkostnaður virkjunar og veitu var á árunum 1945—46 áætlaður 30 millj. krónur. Eftir lauslegri áætlun er nú vart hægt að ætla hann minni en 60 milljónir.

5. Það lætur sennilega nærri, að reikna megi árleg útgjöld 10% af stofnkostnaði, eða um 6 millj. kr. Þó á þetta því aðeins við, að lán fái til framkvæmdanna með hagkvæmum kjörum. Aftap í veitum fram til notenda verður að minnsta kosti 15% og selt afl hjá notendum þá mest um 3000 kw. samtals, en orkusala við mismunandi nýtingartíma og meðalverð á selda kílóvattstund eins og hér segir:

Nýtingartími: klst/ári	Orkusala samtals: kwst/ári	Meðalverð: aur/kwst
4000	12 000 000	50
5000	15 000 000	40
6000	18 000 000	33

Meir en 18 millj. kílóvattstundir getur virkjunin ekki í té látið með því afli og vatnsmagni, sem hér hefur verið gert ráð fyrir. Þetta eru þó að sjálfsögðu ágizkunartölur.

6. Það verða tæplega 7000 manns alls, er njóta rafmagns frá Dyjandisárvirkjuninni, ef veitur verða lagðar til allra kauptúna og kaupstaða milli Patreksfjarðar og Súðavíkur, að þeim stöðum meðtöldum. Útsöluverð á árskílóvatt yrði þá samkv. framanskráðu 2000.00 kr./árskílóvatt, en rafmagnssala þyrfti að gefa í tekjur ca. 850.00 kr./mann/ári.

Til samanburðar skal hér sett í töflu meðal-rafmagnsverð og rafmagnskaup í kr. á mann á ári á orkuveitusvæðum nokkurra rafveitna víðsvegar á landinu.

Staður	Íbúatala: Orkusala 1949:		Hlutfallstölur:			
	^{31/12} 1949	þús. kwst.	þús. kr.	kwst/mann	kr/mann	aur/kwst.
Reykjavík (1948) ...	54 000	60 600	13 842	1120	256	22.8
Borgarnes	716	1 080	280	1510	391	25.9
Keflavík	2 160	3 440	817	1590	378	23.9

Staður	Íbúatala: Orkusala 1949:		Hlutfallstölur:			
	^{31/12} 1949	þús. kwst.	þús. kr.	kwst/mann	kr/mann	aur/kwst.
Akranes	2 540	4 200	902	1650	356	21.5
Siglufjörður	3 070	5 950	1 318	1940	430	22.2
Hafnarfjörður	5 000	12 500	1 843	2500	368	14.7
Akureyri	7 600	19 850	3 082	2610	406	15.5
Patreksfjörður	901	128	116	142	129	90.5
Stykkishólmur	790	280	232	354	294	82.9
Bildudalur	389	222	147	570	378	66.2
Neskaupstaður	1 320	1 000	440	760	334	44.0
Dynjandi (áætl.)	7 000	18 000	6 000	2560	860	33.3

Hér hefur ekki verið tekið tillit til raforkusölu frá vatnsaflsstöð á Ísafirði eftir að Dynjandisár-virkjunin kæmist í gang.

7. Það er augljóst af framanrituðu, að rafmagn frá Dynjandisár-virkjun, dreift um alla Vestfirði, verður til mikilla muna dýrara en hjá öðrum rafveitum samþætilegum að afli, miðað við íbúatölu á orkuveituvæði. Hins vegar er ekki hægt að segja, að áætlunarverð rafmagnsins sé svo hátt, að alger frágangssök sé að virkja af þeirri ástæðu, og eins og bent hefur verið á, eiga Vestfirðir ekki um marga virkjunarmöguleika að velja.

8. Það virðist því koma til mála að setja um þessa virkjun heimildarlög, ef hafður er á því eðlilegur fyrirvari um fullkomnar rannsóknir og áætlanir m. m.

9. Um einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr. — Í stað orðanna „í 7000 hestafla orkuveri“ ætti að koma: í allt að 7000 hestafla orkuveri, sbr. það, sem að framan er sagt. Þá mætti og sennilega sleppa orðunum „samkv. áætlunum dags. 2. marz 1946“.

2. gr. — Upphæðina „30 millj. kr.“ er rétt að hækka í: 60 millj. kr. Þá verður að álitast æskilegt, að bætt verði inn strax á eftir þeim orðum, þessum orðum: eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Með þeim viðhorfum, sem nú eru, virðist auðsætt, að þörf er erlendra lána til slíkrar framkvæmdar, einkum í sambandi við efniskaup.

5. gr. — Raforkusjóður hefur í mörg horn að líta, hefur þegar greitt nokkurn kostnað af rannsókn Dynjanda og mun væntanlega greiða kostnað af frekari rannsóknum og undirbúningi. Æskilegt væri því, að sveitarsjóðir Vestfjarða biðu með kröfur sínar á hendur virkjunarinnar, þar til hún verður framkvæmd og fjár hefur verið aflað til hennar.

Bráðabirgðaákvæðið. — Ákvæði þetta er þess eðlis, að það þarf mjög vandlegar athugunar við áður en farið er að hugsa um að gera það að lögum, ef ekki á að eiga á hættu, að áhrif þess verði hin viðtækustu og skaðlegustu. Er þá fyrst að athuga, að ákvæði 2. tölulíðs 35. gr. raforkulaganna um bráðabirgðalán til að greiða rekstrarhallu fyrstu ára eigi í eðli sínu við vatnsaflsstöðvar, en ekki olíurafstöðvar. Hinar fyrrnefndu hafa mikinn stofnkostnað en lítinn rekstrarkostnað, en olíurafstöðvar eru tiltölulega ódýrar að koma þeim upp, en rekstrarkostnaður mikill vegna olíukaupanna og vaxandi með aukinni rafmagnsnotkun og þar af leiðandi aukinni olíueyðslu. Olíurafstöðina er tiltölulega auðvelt að auka í smáum skrefum, með kaupum á nýjum dísilvélum, eftir því sem aflnotkun vex. Vatnsafl þarf jafnan að virkja í tiltölulega stórum áföngum. Hagur olíurafstöðvarinnar batnar því ekki með aukinni raforkusölu að sama skapi sem á sér stað hjá vatnsaflsvirkjuninni, og kostnaðarverð raforkunnar lækkar þá heldur ekki að sama skapi. Taki olíurafstöð lán til þess að geta selt raforku undir kostnaðarverði, fær hún í flestum tilfellum aldrei möguleika til að endurgreiða það lán, vegna þess að það verð, sem hún hefur sett á rafmagnið, heldur áfram að vera undir kostnaðarverði, þótt raforkusala aukist. — Þá er enn fremur þess að geta í fyrsta lagi, að raforkulögin gera ekki ráð fyrir, að lán samkv. þessum líð séu veitt nema rafmagnsveitum ríkisins, og í öðru lagi, að sú heimild laganna hefur enn ekki verið notuð, heldur hafa rafmagnsveitur ríkisins aflað fjár til greiðslu rekstrarhallu sínum á annan hátt.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins getur naumast talizt fær leið til verðjöfnunar á rafmagni viðsvegar um landið, enda er það mál, sem þarf gaumgæfilegrar athugunar við áður en lagt er inn á þá braut.

10. Það kemur varla til mála að virkja Dynjandisá og Fossá í Hólshreppi samtímis.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.